

Mánudaginn 5. október 1992.

Nr. 337/1992. **Sigurður Georgsson hæstaréttarlögmaður**
 gegn
Má Péturssyni héraðsdómara.

Kærumál. Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands. Áminning.
 Úrskurður felldur úr gildi.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómararnir Guðrún Erlendsdóttir, Garðar Gíslason, Gunnar M. Guðmundsson, Haraldur Henrysson og Þór Vilhjálmsson.

Hinn 8. júlí sl. kærði sóknaraðili til Hæstaréttar úrskurð stjórnar Lögmannafélags Íslands frá 30. júní. Úrskurðinn kváðu upp Ragnar Aðalsteinsson hrl., Árni Vilhjálmsson hrl., Ásdís Rafnar hdl. og Sigurður G. Guðjónsson hrl. Með úrskurði þessum var sóknaraðila veitt áminning vegna ummæla um varnaraðila í viðtali við blaðamann. Kæruheimild er 4. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur. Sóknaraðili krefst þess, að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Þá krefst hann kærumálskostnaðar.

Varnaraðili krefst staðfestingar hins kærða úrskurðar.

Í áðurnefndri 8. gr. laga nr. 61/1942 segir meðal annars:

„Stjórn félags héraðsdóms- og hæstaréttarlögmannanna ber að hafa eftirlit með, að félagsmenn fari að lögum í starfa sínum og ræki skyldur sínar með trúmennsku og samviskusemi ...“

(3. mgr.) Stjórn félagsins getur veitt einstökum félagsmönnum áminningar og gert þeim á hendur allt að (50.000) króna sekt til styrktarsjóðs félagsins fyrir framferði í starfa þeirra, er telja má stéttinni ósamboðið ...“.

Lagagrundvöllur hins kærða úrskurðar eru þessi ákvæði.

Í lögum nr. 61/1942 segir ekki, hvernig stjórn Lögmannafélags Íslands skuli skipuð eða hve margir stjórnarmenn skuli sækja fund eða taka þátt í afgreiðslu máls, svo að lögleg ákvörðun um áminningu liggi fyrir. Í lögum félagsins segir hins vegar, að stjórnarmenn skuli vera fimm, en ekki er þar getið um annað það, er nefnt var. Vald stjórnarinnar samkvæmt áðurgreindum ákvæðum er þess eðlis, að því verður jafnað til dómsvalds í þeim mæli, að meginreglur um almenna dómstóla gilda um stjórnina, þegar hún starfar

á grundvelli 3. mgr. 8. gr. Það er íslensk réttarfarsregla, að dómstólar skuli vera fullskipaðir, þegar þeir taka endanlegar ákvarðanir. Var því rétt, að fimm menn ættu hlut að þeim úrskurði, sem hér er fjallað um. Einn maður vék úr stjórninni, þegar um málið var fjallað, og stóðu fjórir stjórnarmenn að úrskurðinum. Eins og á stóð, bar að kalla til varamann. Þar sem það var ekki gert, þykir eigi verða hjá því komist að fella hinn kærða úrskurð úr gildi.

D ó m s o r ð:

Hinn kærði úrskurður er felldur úr gildi.

Úrskurður stjórnar Lögmannafélags Íslands 30. júní 1992.

Í bréfi, dags. 1. júní 1992, óskaði Már Pétursson, bæjarfógeti í Hafnarfirði (kærandi), með vísan til 8. gr. laga nr. 61/1942 um málflytjendur og 2., 5. og 18. gr. siðareglna LMFÍ, eftir því við stjórn LMFÍ, að hún kannaði hjá Sigurði Georgssyni hrl. (kærða), hvort eftir honum hefðu verið höfð tiltekin ummæli, sem birtust innan tilvitnunarkerkja í grein í vikublaðinu Pressunni fimmtudaginn 28. maí 1992, og hvort hann hefði verið heimildarmaður Pressunnar að tilteknum fullyrðingum, sem fram komu í greininni. Að svo stöddu var ekki gerð krafa um agaviðurlög á hendur lögmanninum, en áskilinn var réttur til að senda síðar formlega kröfu um, að stjórn LMFÍ léti í té umsögn um málið og beitti lögmanninn áminningu og sektum, sbr. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 61/1942.

Í bréfi, dags. 4. júní 1992, krafðist kærandi þess, að kærða yrði veitt hin þyngsta refsing, yrði hann við frekari rannsókn stjórnar LMFÍ á málinu sannur að sök um brot á siðareglum félagsins. Krafa þessi var ítrekuð í greinargerð kæranda, sem barst LMFÍ 12. júní 1992, en þar var þess krafist, að kærði yrði áminntur og honum gert að greiða 50 þúsund króna sekt í styrktarsjóð LMFÍ fyrir framferði í störfum, þ. e. „..... (umfjöllun í fjölmiðli og við blaðamann fjölmiðils um dómsmál, er hann rekur, þar sem hann viðhafði röng og ærumeiðandi ummæli og veitti vísitandi rangar og ærumeiðandi upplýsingar), sem telja má stétt lögmannna ósamboðið“. Studdist krafan við lög nr. 61/1942 um málflytjendur og siðareglur LMFÍ, einkum 2. gr., 5. gr. og 18. gr.

Í bréfi til stjórnar LMFÍ, dags. 16. júní 1992, fullyrti kærði, að umrædd grein í Pressunni væri ekki frá sér komin. Kærði hélt því fram, að blaðamaður Pressunnar hefði haft samband við sig, skömmu áður en greinin birtist, og leitað upplýsinga um tiltekin atriði skiptaréttarmáls þess, sem blaðagreinin fjallaði um. Blaðamaðurinn hefði virst vel kunnugur mála-

vöxtum, enda hefði hann haft fyrir framan sig dóm sakadóms Hafnarfjarðar í máli, sem höfðað var vegna ætlaðs fjádráttar úr dánarbúi, þar sem kærði gætti hagsmuna eina skylduerfingjans í búinu. Taldi kærði rétt, eins og á stóð, að veita blaðamanninum þær upplýsingar, sem um var beðið. Kærði vildi ekki fullyrða, að orðrétt væri eftir sér haft í blaðagreininni, en taldi það efnislega rétt. Kærði hélt því fram, að önnur atriði umræddrar blaðagreinar væru ekki frá sér komin og því síður forsiða blaðsins.

Nánar um málavexti.

Fimmtudaginn 28. maí birtist grein í vikublaðinu Pressunni með fyrir-sögninni: „Gerði erfingjana arflausa“, þar sem fjallað var um skipti á tilteknu dánarbúi, sem var til opinberra skipta í skiptarétti Hafnarfjarðar. Jafnframt var forsiða blaðsins að mestu undirlögð af fyrirsögninni: „Erfinginn arflaus vegna aflagla Má“ ásamt mynd af kæranda, Má Péturssyni bæjarfógeta. Í greininni var að því látið liggja, að kærandi hefði í störfum sínum sem skiptaráðandi valdið því, að einkaerfingi arfláta hefði glatað rétti sínum til eigna dánarbúsins og að systursonur arfláta hefði getað dregið sér eignir búsins vegna aðgerðaleysis skiptaráðanda þrátt fyrir óskir kærða, lögmanns einkaerfingjans, um opinbera rannsókn á „falsaðri erfðaskrá og efasemda um, að framlögð gögn væru á rökum reist“, eins og sagði í undirfyrirsögn með greininni.

Í blaðagreininni voru höfð eftir kærða eftirfarandi ummæli innan tilvitnunarkerkja:

„Ég hafði miklar efasemdir um að framlögð gögn væru á rökum reist og var tortrygginn á þau.“

„Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin.“

„Það kann að vera spurning hvað maður þarf að sýna fram á þannig að skiptaráðandi fari sér hægt.“

Í greinargerð kæranda telur hann með samanburði ummælanna og bréfs kærða til kæranda, dags. 3. júní 1992, að kærði hafi haft uppi vísitandi rangar fullyrðingar um embættisfærslu sína í skiptaréttarmálinu. Telur kærandi bréfið vera mikilvægt sönnunargagn um það, að kærði „hafi látið þau orð falla, sem vitnað er í innan tilvitnunarkerkja í Pressugreininni, og verið heimildarmaður að þeim grófu og stórlega refsiverðu meiðyrðum, sem í greininni er að finna, og uppsláttarfyrirsögnum, er henni fylgja“.

Sem fyrr greinir, heldur kærði því fram, að umrædd blaðagrein sé ekki frá sér komin, en a. m. k. séu efnislega rétt eftir sér höfð ummæli innan tilvitnunarkerkja. Önnur atriði greinarinnar séu ekki frá sér komin né forsiða blaðsins.

Í kærumáli þessu hafa verið lögð fram allmörg gögn utan þeirra, sem nefnd hafa verið hér að ofan. Má þar nefna bréf kæranda til dómsmálaráðuneytis, dags. 1. júní 1992, ásamt viðauka, bréf sama til Dómarafélags Íslands, dags. 3. júní 1992, bréf sama til Blaðamannafélags Íslands, dags. 4. júní 1992, skýrslu sama um meðferð skiptamálsins, samþykkt Dómarafélags Íslands, dags. 16. júní 1992, ásamt fylgiskjölum, dóm sakadóms Hafnarfjarðar, dags. 12. desember 1990, í máli ákærvaldsins gegn Ólafi I. Hrólfssyni og endurrit skiptamálsins í heild úr skiptabók Hafnarfjarðar.

Álit stjórnar LMFÍ.

Að mati stjórnar LMFÍ er í kærumáli þessu umfram allt tekist á um það, hvort kærði hafi, þá er hann svaraði spurningum blaðamannsins, gerst brotlegur við ákvæði 18. gr. siðareglna LMFÍ, þ. e. að hafa ekki í ummælum sínum sýnt kæranda fulla tillitsssemi og virðingu eða viðhaft ómálefnalega eða ófaglega gagnrýni á störf og starfshætti kæranda.

Það er álit stjórnar LMFÍ, að lögmenn verði að gæta hófs og stillingar í orðum, þá er þeir tjá sig um störf og starfsháttu dómstóla, sbr. þær skyldur, sem á þeim hvíla skv. 18. gr. Skiptir þá ekki máli, hvort sú umræða fer fram í fjölmiðlum eða á öðrum vettvangi. Þannig verða þeir að gæta þess, að umfjöllun um dómsmál sé á málefnalegum og faglegum grundvelli og að ekki séu veittar rangar eða villandi upplýsingar um málsatvik.

Þegar gögn málsins eru könnuð og með hliðsjón af því, að kærði gætti hagsmuna einkadóttur arfláta frá upphafi búskiptanna og þekkti því mála-vesti, verður ekki hjá því komist að telja, að þau ummæli, sem höfð voru eftir kærða, hafi að ýmsu leyti verið villandi og til þess fallin að gefa blaðamanninum tækifæri til að draga rangar ályktanir þar af. Þannig gefur kærði með ummælunum: „Ég bað ítrekað um að beðið yrði með skiptin. Þá kærði ég þetta til rannsóknarlögreglunnar sem síðan leiddi í ljós að erfðaskráin var fölsuð. Þá var búið að afhenda ákærða öll verðmætin“ — greinilega í skyn, að fyrir tilstilli skiptaráðanda hafi systursonur arfláta fengið í sínar vörslur öll verðmæti búans, en skv. gögnum málsins var þessu ekki svo farið. Þá var það ekki kæra kærða til RLR 13. janúar 1984, sem leiddi til þess, að hægt var að sýna fram á, að ranglega var staðið að gerð erfðaskrárinnar, heldur játning annars vottanna að erfðaskránni fyrir sakadómi Hafnarfjarðar 2. desember s. á.

Stjórnin telur, að kærði hafi ekki brotið gegn ákvæðum 5. gr. siðareglna LMFÍ með því að svara beinum spurningum blaðamannsins. Hins vegar telur stjórnin með vísan til þess, sem að ofan greinir, að kærði hafi ekki gætt nægilega þeirra skyldna, sem á honum hvíla skv. 18. gr., sbr. til hliðsjónar 2. gr., og þar með brotið gegn siðareglum LMFÍ.

Með hliðsjón af ofangreindu og með vísan til 3. mgr. 8. gr. laga nr.

61/1942 um málflytjendur veitir stjórn LMFÍ Sigurði Georgssyni hrl.
áminningu af þessu tilefni.

Ú r s k u r ð a r o r ð:
Sigurður Georgsson hrl. sæti áminningu.
